



HANDBÓK MEISTARANEMA

Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands



Háskólaárið 2011 – 2012

Formáli

Í handbók þessari eru upplýsingar um meistaranám við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Handbókin er ætluð nemendum, kennurum, starfsfólki í stjórnslu og öðrum sem að náminu koma. Í henni eru ýmsar hagnýtar upplýsingar um nám við Háskóla Íslands og helstu þætti sem snúa að meistaranámi við deildina.

Við félagsráðgjafardeild er boðið upp á meistaranám eftir ólíkum námsleiðum, MA til starfsréttinda í félagsráðgjöf, MA í félagsráðgjöf, MA í fjölskyldumeðferð, MA í öldrunarfræði og samnorrænt MA nám í öldrunarfræði (NordMaG). Jafnframt er unnt að stunda diplómanám við deildina í Barnavernd, Öldrunarþjónustu og í félagsráðgjöf. Námsframboð er birt í kennsluskrá hverju sinni. Boðið er upp á doktorsnám við deildina.

Handbók þessi er í mótun og verður endurskoðuð árlega. Það er æskilegt og mikilvægt að nemendur, kennarar og aðrir sem tengjast náminu komi með ábendingar og tillögur um það sem betur mætti fara í handbókinni. Slíkum tillögum skal koma til Ásdísar Ýrar Arnardóttur (aya@hi.is).

Útgáfu handbókarinnar er einnig að finna á heimasíðu deildar.

September 2011

Steinunn Hrafnadóttir, deildarforseti

Halldór Sig. Guðmundsson, lektor

Ásdís Ýr Arnardóttir, verkefnisstjóri

Efnisyfirlit

Formáli	2
Efnisyfirlit	3
Almennar upplýsingar um Félagsráðgjafardeild	4
Alþjóðasamstarf	5
Skiptinám	5
Umsóknarferlið	5
Mat á skiptinámi	6
Náms- og starfsráðgjöf.....	6
Tölvubúnaður og úthlutun notendanafna og lykilorða.....	6
Áframsending tölvupósts	7
Þjóðarbókhlaða	7
Mikilvægar dagsetningar 2011-2012 (Kennslualmanak Háskóla Íslands)	7
Fyrirkomulag prófa á Félagsvísindasviði háskólaárið 2011-2012	8
Reglur félagsráðgjafardeildar	9
Mat á fyrra námi	9
Leyfi frá námi.....	10
Stúdent hverfur frá námi	10
Um próf, tvífall og endurinnritun.....	10
Reglur um tímasókn og ráðvendni í námi	11
Námsframvinda í MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf	12
Aðferðafræðinámskeið í rannsóknatengdu MA námi	12
Meistaraprófsritgerðir	12
Hlutverk leiðbeinanda.....	13
Hlutverk nemenda	13
Skipt um leiðbeinanda	13
Rannsóknaráætlun fyrir lokaverkefni í meistaranámi	14
Umfang meistararitgerða.....	14
Um skipan og hlutverk prófdómara í lokaverkefnum til meistaraprófs	15
Munnleg vörn í MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf	15
Skil á lokaritgerðum	16
Kynning á meistararitgerð.....	16
Mat á lokaverkefnum til meistaraprófs - helstu viðmið Félagsráðgjafardeildar	17
Dæmi um einkunnagjöf.....	18
Brautskráning.....	18

Almennar upplýsingar um Félagsráðgjafardeild

Deildarforseti: Steinunn Hrafnisdóttir, dósent

Varadeildarforseti: Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent

Skrifstofa Félagsráðgjafardeildar

Gimli (1. hæð) v/ Sæmundargötu

101 Reykjavík

Netfang: felagsradgjof@hi.is

Opið: mánudaga til föstudaga 10 – 12:00 og 13 – 15:30

Starfsfólk

Stella Vestmann, deildarstjóri (stellav@hi.is, s. 525-5206)

Ásdís Ýr Arnardóttir, verkefnastjóri (aya@hi.is, s. 525-5417)

Fríða Björk Arnardóttir, fulltrúi (frida@hi.is, s. 525-5408)

Nánari upplýsingar á heimasíðu deildar:

<http://www.felagsradgjof.hi.is>

Alþjóðasamstarf

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands veitir upplýsingar um nám erlendis.

Aðsetur: Háskólatorg, 3.hæð.

Opið: 10 – 12 og 12:30 – 16 alla virka daga.

Sími: 525 4311, fax: 525 5850. Netfang: ask@hi.is.

Veffang: <http://www.hi.is/is/skolinn/althjodaskrifstofa>

Skiptinám

Nemendur HÍ geta tekið hluta af námi sínu við erlendan háskóla og fá það metið til eininga í samráði við viðkomandi deildarskrifstofu.

Háskóli Íslands er aðili að ýmsum samstarfsnetum, til dæmis Nordplus, Erasmus og ISEP-USA. Einnig hafa verið gerðir samningar við einstaka háskóla erlendis. Allar upplýsingar um samstarfsnet og samninga er að finna á heimasíðu Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands, <http://www.hi.is/skolinn/althjodaskrifstofa>.

Námsdvöl í útlöndum veitir nemendum tækifæri til að kynna háskólalífi í öðrum löndum, ásamt því að auka færni sína í tungumálum. Skiptinám veitir jafnframt möguleika á að taka námskeið á sviðum sem ekki eru kennd við Háskóla Íslands.

Þeir sem fara sem skiptistúdentar þurfa að skrá sig í Háskóla Íslands eins og venjulega og greiða innritunargjöldin áður en þeir fara utan.

Umsóknarferlið

- a) Hefja þarf vinnu við umsóknarferlið a.m.k. sex mánuðum áður en umsóknarfrestur rennur út en allar umsóknir þurfa að berast skrifstofu Félagsráðgjafardeildar fyrir **15. febrúar** á hverju ári.
- b) Afla þarf upplýsinga hjá Alþjóðaskrifstofu HÍ um hvaða skólar eru í boði.
- c) Nemendur sem fara til Norðurlanda sækja um skiptinám í gegnum Nordplus en þeir sem ætla annað í Evrópu sækja um í gegnum Erasmus. Eftir að búið er að senda inn umsókn þarf að prenta hana út og skila til skrifstofu Félagsráðgjafardeildar.
- d) Umsækjendur fylla út „Learning Agreement“ en það er námsáætlun umsækjanda. Við val á námskeiðum þarf að hafa í huga að velja ekki námskeið sem eru keimlík þeim sem nemandi hefur þegar lokið, en þau fást ekki metin. Prenta þarf út námskeiðslýsingar þeirra námskeiða sem nemandinn óskar eftir að taka úti. Learning Agreement og námskeiðslýsingum skal skila til skrifstofu deildarinnar ásamt umsókn. Ef breytingar verða á upphaflegri námsáætlun, þarf aftur að leita samþykkis deildar
- e) Umsækjendur þurfa að skila „Statement of purpose“ á ensku með umsókn. Ekki er ætlast til að þetta sé meira en ein blaðsíða.

Mat á skiptinámi

Í flestum tilfellum er skiptinám metið í stað valnámskeiða og þá nægir að koma með námskeiðslýsingu. Ef nemandi óskar eftir að fá námskeið metið í stað skyldunámskeiðs þarf að koma með námskeiðslýsingu og leslista námskeiðsins.

Gestaskóli sendir HÍ staðfest afrit af einkunnum í lok annar. Ekki er endanlega gengið frá mati fyrir en staðfest afrit af einkunnum hefur borist deild.

Nemendur ættu sérstaklega að hafa í huga að prófatímabil og einkunnaskil í gestaskóla geta verið frábrugðin því sem er í HÍ. Því er ekki mælt með að nemendur fari í skiptinám á síðasta námsmisseri sínu.

Náms- og starfsráðgjöf

Hlutverk Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands (NSHÍ) er að veita stúdentum við háskólann margvíslegan stuðning meðan á námi stendur.

Ítarlegar upplýsingar um þjónustu og starfsemi NSHÍ er að finna á heimasíðu Námsráðgjafar: <http://www.nshi.hi.is/>

Aðsetur Náms- og starfsráðgjafar er á 3. hæð Háskólatorgs.

Tölvubúnaður og úthlutun notendanafna og lykilorða

Reiknistofnun Háskóla Íslands (RHÍ) rekur fjölda tölvuvera á háskólasvæðinu, fjögur þeirra eru staðsett í Gimli (stofu 101) og Odda (stofum 102, 103 og 301). Allir nemendur skólans hafa aðgang að tölvuverum.

Nemendur við Háskóla Íslands þurfa að hafa notendanafn og lykilorð. Þetta er frumskilyrði fyrir nemendur til að nálgast upplýsingar um námsframvindu, hafa samskipti við kennara og til að nýta sér tölvuþjónustu skólans. Einkar mikilvægt er að sérhver nemandi nái sem fyrst í sitt notendanafn og lykilorð. Notendanafnið er einnig tölvupóstfang yfir námstímamann við háskólann (notendanafn@hi.is).

Þegar námsúmsókn hefur verið afgreidd og skráningargjöld greidd geta nemendur sótt sér notendanafn og lykilorð á vefsíðunni www.nynemar.hi.is. Þar þarf að slá inn kennitölu og veflykil. Veflykillinn kom fram á staðfestingu umsóknar sem var send í tölvupósti til þeirra sem gáfu upp netfang í umsókn sinni. Þeir nemendur sem ekki gáfu upp netfang í umsókn sinni þurfa að leita til þjónustuborðs á Háskólatorgi.

Eftir að hafa sótt notendanafn og lykilorð geta notendur nýtt sér Uglu. Uglu er innri vefur Háskóla Íslands. Tilgangurinn með Uglu er annars vegar að flétta saman í eina heild öll upplýsingakerfi háskólans og búa til eins konar upplýsingamiðstöð á vefnum fyrir nemendur og starfsfólk. Uglunni er ætlað að vera samskiptavettvangur nemenda og starfsmanna háskólans. Í Uglu er að finna ýmsa þjónustu og aðgerðir sem nýtast nemendum háskólans.

Áframsending tölvupósts

Allar tilkynningar um námið og námstilhögun eru eingöngu sendar á tölvupóstföng háskólans. Þeir sem ekki eiga háskólapóstfang geta því misst af mikilvægum tilkynningum. Hægt er að áframsenda póst úr netfangi HÍ í það netfang sem nemendur nota mest. Til þess skal farið inn á heimasíðu Reiknistofnunar <http://www.rhi.hi.is/> en þar er að finna leiðbeiningar um hvernig það er gert.

Þjóðarbókhlaða

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Þjóðarbókhlaðan) býður upp á fjölbreytta þjónustu. Safnið er rannsóknarbókasafn en gögn sem ekki finnast í safninu er hægt að panta með millisafnaláni gegn vægri greiðslu.

Nemendur Háskóla Íslands fá bókasafnsskírteini án endurgjalds. Það fæst við útlánaborð á 2. hæð safnsins gegn framvísun persónuskilríkja.

Nánari upplýsingar um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og þjónustu þess er að finna á heimasíðu safnsins: <http://www.bok.hi.is/>.

Mikilvægar dagsetningar 2011-2012 (Kennslualmanak Háskóla Íslands)

Hautmisseri

2011

25. ágúst	Kynningarfundur fyrir framhaldsnema við félagsráðgjafardeild
26. ágúst	Kynningarfundir fyrir nema á 4. ári í MA námi til starfsréttinda
26. ágúst	Kynningarfundur fyrir nýnema í félagsráðgjafardeild
29.-30. ágúst	Vinnubúðir MA nema til starfsréttinda í félagsráðgjöf
29. ágúst	Kennsla haustmisseris hefst
10. september	Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningu á haustmisseri 2010
10. september	Skiladagur BA, MA og MSW ritgerða
10. september	Skiladagur rafrænna eyðublaða vegna brautskráningar í október
1. október	Síðasti dagur til skrá sig úr prófum á haustmisseri
27. september	Próftafla haustmisserisprófa birt
15. október	Umsóknafrestur um MA nám á vormisseri rennur út
18. október	Afmæliserindi: Börn, feður og fjölskyldutengsl. Þrælkun, þroski, þrá?
20. október	Afmæliserindi: Saga, samfélag og siðfræði. Félagsráðgjöf í hálfra öld.
28. október	Þjóðarspegillinn XII
21. nóvember	Skiladagur MA ritgerða til starfsréttinda í félagsráðgjöf
25. nóvember	Kennslu haustmisseris lýkur nema í MA námi til starfsréttinda
2.-16. desember	Hautmisserispróf
5.-16. desember	Varnir MA ritgerða til starfsréttinda (lokaskil ritgerða viku síðar)
16. desember	Kennslu haustmisseris lýkur í MA námi til starfsréttinda
17. des. - 8. jan.	Jólaeyfi (báðir dagar meðtaldir)

Vormisseri 2012

9. janúar	Kennsla hefst
10. janúar	Skiladagur lokaverkefna til BA, MA eða MSW prófs vegna brautskráningar í febrúar
10. janúar	Skiladagur brautskráningareyðublaða vegna brautskráningar í febrúar
9.-21. janúar	Kennsluhnykkur 5. árs nema
21. janúar	Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningu á vormisseri 2011
23. janúar	Starfsþjálfun 5 árs nema á vettvangi hefst
29. janúar	Próftafla vormisserisprófa birt
1. febrúar	Síðasti dagur til úrskráningar úr námskeiðum/próf á vormisseri
25. febrúar	Brautskráning kandiádata
12. mars - 1. apríl	Árleg skráning í námskeið á haust- og vormisseri 2012-2013
4. - 10. apríl	Páskaleyfi (báðir dagar meðtaldir)
13. apríl	Kennslu vormisseris lýkur
15. apríl	Umsóknarfrestur um MA nám við Félagsráðgjafardeild rennur út
25. apríl- 10. maí	Vormisserispróf
30. apríl	Skiladagur lokaverkefna til BA, MA eða MSW prófs vegna brautskráningar í júní 2011
30. apríl	Skiladagur brautskráningareyðublaða vegna brautskráningar í júní 2011
4. maí	Starfsþjálfun 5. árs nema á vettvangi lýkur
7.-11. maí	Kennsluhnykkur 5. árs nema
10. maí	Málstofa MA nema: Kynning á MA ritgerðum til starfsréttinda
5. júní	Umsóknarfrestur um grunnám rennur út
5. júní	Umsóknarfrestur um diplómanám rennur út
23. júní	Brautskráning kandiádata

Skipulag náms í Háskóla Íslands byggir á skráningu stúdenta í námskeið og próf. Hver stúdent ber ábyrgð á námi sínu. Stúdentar þurfa því að gæta vel að reglum um skráningu og auglýst skráningartímabil.

Kennslualmanak er birt með fyrirvara um breytingar og mögulegar prentvillur.

Fyrirkomulag prófa á Félagsvísindasviði háskólaárið 2011-2012

Deildir Félagsvísindasviðs: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild.

Haustmisseri:

- Síðasti dagur til úrskráningar úr námskeiðum/prófum á haustmisseri er 1. október
- Almenn próf haustmisseris verða haldin 2. - 16. desember 2011.

Vormisseri

- Síðasti dagur til úrskráningar úr námskeiðum/prófum á vormisseri er 1. febrúar
- Almenn próf vormisseris verða haldin 25. apríl til 10. maí 2012.

Veikindi í prófi

- Nemandi sem veikist og getur þar af leiðandi ekki þreytt próf skal skila læknisvottorði til þjónustuborðs á Háskólatorgi, innan þriggja daga frá prófdegi
- Eftirlit með vottorðum um veikindi verður hert og leitað samstarfs við heilbrigðisyfirvöld til að tryggja áreiðanleika vottorða.

Sjúkra- og sérstök endurtökupróf

Deildir Félagsvísindasviðs nýta sér heimild til að halda sjúkra- og sérstök endurtökupróf beggja missera að vori. Sjúkra- og sérstök endurtökupróf verða haldin í þeim námskeiðum þar sem nemendur hafa verið veikir eða fallið.

Nemendum, sem skráðir eru í námskeið í öðrum deildum en þeim sem tilheyra Félagsvísindasviði, ber að kynna sér reglur viðkomandi deildar/sviðs um fyrirkomulag sjúkra- og sérstakra endurtökuprófa þar.

Sjúkra- og sérstök endurtökupróf* á Félagsvísindasviði

- Sjúkrapróf og sérstök endurtökupróf vegna haustmisseris verða haldin 21. - 25. maí.
- Sjúkrapróf og sérstök endurtökupróf vegna vormisseris verða haldin 4. - 8. júní.

***Skilyrði sem nemandi þarf að uppfylla til að mega skrá sig í sérstök endurtökupróf**

- Nemendur verða að hafa þreytt próf í námskeiði til að geta skráð sig í sérstakt endurtökupróf. Mæti nemandi ekki í próf í námskeiði á almennu prófatímabili, getur hann ekki nýtt sér sérstakt endurtökupróf.
- Nemendur greiða 6.000 kr. fyrir hvert endurtökupróf sem þeir skrá sig í.

Brautskráning 23. júní 2012

- Brautskráningu seinkar um eina viku frá því sem fyrirhugað var og verður hún 23. júní 2012.

Reglur félagsráðgjafardeildar

Félagsráðgjafardeild starfar á grunni laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og samkvæmt reglum um Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Um meistaranám við félagsráðgjafardeild gilda Reglur um meistaranám við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands nr. 643/2011.

Reglur deildarinnar eru í endurskoðun og er nýjasta útgáfa reglna ávallt birt í kennsluskrá og heimasíðu deildar. Sé munur á birtum reglum í kennsluskrá og þeim sem hér eru skráðar, gilda reglur sem birtar eru í kennsluskrá.

Mat á fyrra námi

Um mat á fyrra námi gilda reglur Háskóla Íslands nr. 569/2009. Í 4. mgr. 53. gr. um námsskipan, námsleiðir og mat náms til eininga segir: „Háskóladeild er heimilt að meta nám sem stúdent hefur stundað utan deildarinnar, þ.m.t. við aðra háskóla, sem hluta af námi við deildina, enda uppfylli námið sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og laga nr. 63/2006 um háskóla.“

Í 6. mgr. sömu gr. segir jafnframt: „Ákvörðun um það hvort metið er nám sem áður hefur verið látið gilda til prófgráðu í sömu deild eða í annarri deild er á valdi þeirrar deildar sem í hlut á. Hver deild skal setja sér sérstakar reglur um samnýtingu eininga til fleiri en einnar prófgráðu.“

Nemendur sem lokið hafa starfsréttindanámi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands fá 30e metnar inn í rannsóknatengt MA nám í félagsráðgjöf. Skrifstofa félagsráðgjafardeildar sér um að færa metnar einingar inn á feril nemanda áður en til brautskráningar kemur. Nemendur þurfa ekki að sækja sérstaklega um matið en þeir eru hins vegar hvattir til að fylgjast með því.

Leyfi frá námi

Um leyfi frá námi gilda reglur Háskóla Íslands nr. 569/2009. 5. mgr. 48. gr. um skrásetningu nýrra stúdenta og árlega skráningu segir: „Nú óskar stúdent eftir að gera hlé á námi sínu heilt kennslumisseri eða lengur og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar og skrá sig árlegri skráningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms. Leyfistími getur að hámarki verið eitt ár í senn og lengir ekki hámarksnámsstíma samkvæmt reglum viðkomandi deildar. Stúdent greiðir hluta skrásetningargjalds á meðan á leyfistíma stendur.“

Stúdent ber í öllum tilvikum sjálfur ábyrgð á eigin námi. Sé stúdent veitt leyfi frá verður hann að gæta þess að halda tengslum við leiðbeinanda og gæta að skipulagi námsins, m.a. með tilliti til rannsóknaleyfis leiðbeinanda.

Stúdent hverfur frá námi

Vilji stúdent hefja að nýju nám sem hann hefur horfið frá – og hlé hans frá námi er ekki samkvæmt ákvæðum 48. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands – þá metur deild námskeið af fyrri ferli stúdents til endurinnritunar samkvæmt þeirri námsskipan sem í gildi er.

Um próf, tvífall og endurinnritun

Vakin er athygli á ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands um próf og endurtekningu þeirra, sbr. ákvæði í 57. gr. sem hljóða svo: "Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga undir það."

Félagsráðgjafardeild er heimilt að ákveða að stúdent megi ekki skrá sig í námskeið, nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku eða staðist próf í tilteknum námskeiðum, sbr. 87.gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands.

Félagsráðgjafardeild hefur sett reglur um endurupptöku verkefna við endurinnritun í námskeið:

Kennara við Félagsráðgjafardeild er heimilt að meta verkefni úr námskeiði sem nemandi er endurinnritaður í, svo fremi sem skipulag og inntak námskeiðsins sem og eðli verkefnanna hafi ekki breyst að neinu ráði.

Kennara er að jafnaði ekki heimilt að leyfa nemanda að endurvinnna verkefni í námskeiði sem hann er endurinnritaður í en halda einkunn í prófhlutanum. Ef nemandi vill bæta einkunnir í verkefnahluta námskeiðs þarf hann að sitja námskeiðið aftur.

Reglur um tímasókn og ráðvendni í námi

Námskeið í Félagsráðgjafardeild eru miðuð við að stúdentar sækji kennslustundir, nema annað sé sérstaklega skipulagt. Geti stúdent ekki mætt í einstaka tíma ber hann sjálfur ábyrgð á að afla upplýsinga sem hann kann að hafa farið á mis við. Kennarar kosta kapps um að námskeiðstilhögun sé skýr og kröfur ljósar, en þeim ber ekki skylda til að veita sérstakar tilhliðranir vegna stúdenta sem af einhverjum völdum sækja ekki kennslustundir.

Félagsráðgjafardeild telur óráðvendni í námi mjög alvarlega. Þar er meðal annars - en ekki eingöngu - átt við ritstuld, falsanir af öllu tagi, notkun og kynningu á verkefnum eða vinnu annarra eins og hún væri manns eigin og allar tilraunir til að hafa rangt við á prófum. Deildin gengur ákveðið eftir því að í slíkum málum sé beitt ströngum viðurlögum, sbr. 17. gr. laga um Háskóla Íslands og allmörg ákvæði reglna fyrir Háskóla Íslands.

Námsframvinda í MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf

Mætingarskylda (80%) er í öll námskeið MA náms til starfsréttinda í félagsráðgjöf. Til að standast námskeið í MA námi til starfsréttinda þurfa nemendur að ljúka hverjum námsþætti hvers námskeiðs með að lágmarki 5,0 í einkunn.

Gerð er krafa um að nemendur uppfylli skilyrði um forkröfur í MA námi til starfsréttinda. Öllum námskeiðum 1. og 2. misseris skal vera lokið áður en nemandi hefur nám á 3. misseri. Jafnframt skal nemandi hafa lokið öllum námskeiðum 1.,2. og 3. misseris áður en hann hefur nám á 4. misseri.

Ljúki nemandi ekki öllum námskeiðum 1. misseris getur hann sótt um heimild til Félagsráðgjafardeildar um áframhaldandi nám. Heimildin er veitt með hliðsjón af eftirfarandi:

- a) Nú lýkur námskeiði með prófi sem nemandi stenst ekki. Hann uppfyllir samt sem áður skilyrði um mætingarskyldu og verkefnaskil námskeiðs. Skal honum þá veitt heimild til að sækja námskeið vormisseris og endurtaka próf á auglýstu tímabili sjúkra- og upptökuþrófa.
- b) Nú lýkur námskeiði með verkefnum sem nemandi stenst ekki. Hann uppfyllir samt sem áður mætingarskyldu og a.m.k. 50% verkefna námskeiðs. Skal honum þá veitt heimild til að sækja námskeið vormisseris og skila nýjum verkefnum áður en kennsla hefst á vormisseri og í samráði við umsjónarkennara viðkomandi námskeiðs.

Aðferðafræðinámskeið í rannsóknatengdu MA námi

Þeir nemendur sem eru í rannsóknartengdu MA námi þurfa að ljúka a.m.k. 10e í aðferðafræðinámskeiðum. Nemendur velja sér aðferðafræðinámskeið í samráði við leiðbeinanda. Mikilvægt er að velja námskeið sem tengjast rannsóknarefni og í samræmi við undirbúning nemanda.

Meistaraprófsritgerðir

Meistaraprófsritgerð er lokaverkefni í meistaranámi (MA ritgerð) og byggir á sjálfstæðri rannsókn eða starfstengdu rannsóknar- og þróunarverkefni. Lokaverkefni til meistaraprófs skal vera einstaklingsverkefni. Markmið lokaverkefnis er að þjálfna nemendur í sjálfstæðum fræðilegum vinnubrögðum. MA ritgerð í félagsráðgjafardeild er 30-60e eftir námsleiðum og ákvörðun leiðbeinanda og nemanda. MA ritgerð í MA námi til starfsréttinda er 30e, MA ritgerð í MA námi í félagsráðgjöf, öldunarfræði og NordMaG á að vera á bilinu 40-60e og MA ritgerð í fjölskyldumeðferð er 30e.

Nemendur bera í öllum tilvikum ábyrgð á því að setja sig í samband við leiðbeinanda og hafa frumkvæði að samstarfi. Lögð er rík áhersla á það að nemendur setji sig í samband við leiðbeinendur fyrir 15. júní vegna náms á haustmisseri og 15. janúar vegna náms á vormisseri, hafi þeir fengið inngöngu í námið og hyggi á MA skrif.

Hlutverk leiðbeinanda

1. Leiðbeinandi gerir nemandanum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til lokaverkefnis, veitir honum hvatningu og aðhald við vinnu við það.
2. Leiðbeinandi ráðleggur nemandanum um eftirfarandi atriði:
 - afmörkun efnisins
 - heimildaleit
 - skilgreiningu markmiða og rannsóknaspurninga
 - gerð rannsóknaráætlunar
 - öflun rannsóknargagna, úrvinnslu þeirra og greiningu
 - framsetningu á niðurstöðum
 - ritgerðarsmíðina í heild
3. Leiðbeinandi fylgist með framvindu verksins og metur það með hliðsjón af rannsóknar- og námsáætlun.
4. Leiðbeinandi aðstoðar nemanda við að takast á við vandamál sem upp koma svo sem siðferðileg álitamál í rannsóknavinnunni, aðferðafræðileg álitamál eða annað.
5. Leiðbeinandi tekur þátt í lokamati á meistaraþrófsritgerð ásamt prófdómara.

Báðir aðilar (leiðbeinandi og nemandi) geta gert kröfu um reglubundin samskipti meðan unnið er að verkinu.

Hlutverk nemenda

1. Nemandinn er ábyrgur fyrir námi sínu og ætlast er til sjálfstæðra vinnubragða af hálfu nemenda í meistaranámi.
2. Nemandinn vinnur rannsóknaráætlun í samráði við leiðbeinanda, gerir tímaáætlun fyrir verkefnið og lok þess.
3. Nemandinn skipuleggur með leiðbeinanda hvers konar leiðsögn muni henta best.
4. Nemandinn skal hafa frumkvæði að því að semja um fundi með leiðbeinanda sínum og semja um vinnu á milli funda. Gott er að skrifa fundargerð eftir fundi og senda leiðbeinanda, það kemur í veg fyrir misskilning og leggur skýr markmið fyrir þá vinnu sem nemandi ætlar að vinna milli funda.
5. Nemandinn vinnur þau verkefni sem um semst við leiðbeinandann.
6. Nemandinn er skylt að láta leiðbeinanda fylgjast með framvindu verkefnisins. Þetta á einnig við á þeim tímabilum þar sem nemandi og leiðbeinandi hittast ekki.
7. Nemandinn hefur samráð við leiðbeinanda um hvenær skila skal meistaraþrófsritgerð til mats.

Skipt um leiðbeinanda

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að skipt er um leiðbeinanda. Ef nemandi skiptir um verkefni kann að þurfa nýjan leiðbeinanda. Nemandinn ræðir slíkt fyrst við leiðbeinanda sinn og síðan við starfsmenn á skrifstofu félagsráðgjafardeildar. Hætti leiðbeinandi störfum, eða er fjarverandi vegna rannsóknamissis, veikinda eða af öðrum ástæðum getur verið nauðsynlegt að fá annan aðila til samvinnu um leiðbeiningu nemandans. Þá getur samstarfsgrundvöllur

nemanda og leiðbeinanda brostið, til dæmis ef annar aðilinn telur að hinn hafi ekki uppfyllt skyldur sínar. Í slíkum tilvikum geta bæði nemandinn og leiðbeinandinn óskað eftir því við deildarstjóra að vera leystur frá samstarfinu.

Rannsóknaráætlun fyrir lokaverkefni í meistaranámi

Rannsóknaráætlunin er formleg yfirlýsing um hvernig nemandinn hyggst framkvæma rannsóknina. Markmið áætlunarinnar er að afmarka verkefnið, skýra tilgang þess, skilgreina rannsóknarspurningar og -aðferðir. Rannsóknaráætlun inniheldur jafnframt áætlun um framkvæmd verkefnisins og þar er gerð grein fyrir framlagi þess og gildi.

Í rannsóknaráætlun þurfa eftirfarandi þættir að koma fram:

- kynning á verkefninu, lýsing á viðfangsefninu og afmörkun efnisins
- greinargerð um markmið verkefnisins, rannsóknarspurningar og/eða önnur álitamál sem verkefninu er ætlað að varpa ljósi á
- rök fyrir vali á verkefni og hvernig það tengist reynslu eða áformum nemandans
- stutt lýsing á fræðilegum bakgrunni (stöðu þekkingar á rannsóknasviðinu) og skýringar á hugtökum eftir því sem við á
- greinargerð um þær rannsóknaraðferðir sem verður beitt, hvernig staðið verður að gagnasöfnun, greiningu og úrvinnslu gagnanna
- umfjöllun um siðferðileg álitamál, ef þarf, og hvaða leyfa verður aflað fyrir rannsókninni, ef við á
- greinargerð um vísindalegt og/eða hagnýtt gildi verkefnisins
- framkvæmda- og tímaáætlun.

Framlögð rannsóknaráætlun er metin af leiðbeinanda.

Nemendur í MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf hefja vinnu við MA ritgerð á vormisseri 1. árs í námskeiðinu Rannsóknaraðferðir í félagsráðgjöf þar sem þeir vinna m.a. rannsóknaráætlun. Miðað er við að nemendur í MA námi til starfsréttinda hafi samband við leiðbeinanda eigi síðar en 15. júní.

Umfang meistararitgerða

Reglur um meistararitgerðir við félagsráðgjafardeild eru í endurskoðun og verðar birtar leiðbeinendum eins fljótt og kostur er.

MA ritgerðir eru að jafnaði 80-120 bls. að lengd að frátöldum skrá, efnisyfirliti og útdrætti sé um að ræða 40-60e ritgerðir. MA ritgerðir í MA námi til starfsréttinda eru að jafnaði 70-90 síður að frátöldum skrá, efnisyfirliti og útdrætti.

Um skipan og hlutverk prófdómara í lokaverkefnum til meistaraþrófs

Félagsráðgjafardeild tilnefnir prófdómara og leggur þá tilnefningu fyrir deildarfund til samþykktar.

Prófdómari skal leggja lokamat á ritgerð með því að gefa einkunn á bilinu 0 - 10 sem vegur jafnt á móti einkunn leiðbeinanda. Mælt er til þess að prófdómari gefi stutta skriflega umsögn um ritgerðina.

Telji prófdómari að verulegir annmarkar séu á ritgerð er honum heimilt að hafa samband við leiðbeinanda og benda á þessa annmarka. Umbætur af þessum sökum kalla á frestun útskriftar.

Prófdómari skal vera utan Háskóla Íslands sbr. 59. grein nógildandi reglugerðar um Háskóla Íslands. Þó má veita undanþágu frá þessum skilyrðum skv. 4. mgr. en þar stendur: „Sé ekki völ á prófdómara hérlendis utan háskólans, er fullnægi skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er forseta fræðasviðs rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar“.

Tilnefning prófdómara skal liggja fyrir í allra síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir ætlaða útskrift. Prófdómari skilar einkunn skriflega til deildarskrifstofu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir útskrift.

Munnleg vörn í MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf

Nemendur í MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf ljúka MA ritgerð með munnlegri vörn sem haldin er á prófatímabili haustmíssisprófa. Varnir fara fram í vikunni 5.-16. desember 2011, í Háskóla Íslands. Umsjónarmaður/fulltrúi deildar stjórnar fundi.

Tillaga að dagskrá (áætlaður tími er 1 – 1,5 klst.)

1. Farið fyrir dagskrána og fyrirkomulag varnar. Almennt spjall.
2. Nemandi gerir grein fyrir verki sínu (10-15 mín.) (meginatriði, veikar/sterkar hliðar, gildi rannsóknar, annað sem nemandi vill leggja áherslu á).
3. Prófdómari gerir grein fyrir heildarniðurstöðum sínum - og beinir spurningum til nemanda eftir því sem ástæða þykir til.
4. Leiðbeinandi gerir grein fyrir sínu mati á ritgerðinni - og spyr ef tilefni er til. Umsjónarmaður tekið einnig þátt í umræðum undir þessum lið.
5. Umræður – sem taka mið af uppbyggilegri endurgjöf til nemanda.
6. Nemandi víkur af fundi (10 mín.) – ákvörðun tekin um lokaniðurstöðu.
7. Nemandi mætir að nýju og fulltrúi deildar kynnir lokaniðurstöðu.
8. Prófdómari afhendir umsögn og eintökum ritgerðar sem notað var við vinnuna.
9. Frágangur skjala/skráning á einkunn.
10. Lokaorð og kaffi.

Til skýringar og áréttingar:

Þessi tillaga að dagskrá er til stuðning og samræmingar á framkvæmd varnanna.

Í vörninni eru nemandi og prófdómari í aðalhlutverkum. Hlutverk umsjónarmanns/fulltrúa deildar er að stýra fundi. Leiðbeinandi er áfram styðjandi við nemanda og ber ábyrgð á að skrá athugasemdir ef einhverjar eru umfram umsögn prófdómara, enda mun leiðbeinandi ganga úr skugga um að leiðréttingar, í samræmi við kröfur þar um, séu gerðar á ritgerðinni fyrir lokaskiladag þann 22. des. 2011.

Að lokinni vörn og með samþykki leiðbeinanda skilar nemandi þremur eintökum (eftir atvikum fjórum) til deildar. Móttaka ritgerða fer fram á Upplýsinga- og þjónustuborði í Gimli og í samræmi við leiðbeiningar um skil á lokaritgerðum.

Umsjón með vörnum í MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf hafa Halldór Sig. Guðmundsson og Steinunn Hrafnadóttir.

Skil á lokaritgerðum

Skil á innbundnum lokaritgerðum fara fram á þjónustuborðinu í Gimli. Skila þarf ritgerðum fyrir kl. 16 á skiladegi ritgerða sem birtur er í kennsluálfanaki hvers árs.

Skil lokaritgerða fela í sér eftirfarandi:

- Skil á innbundnum eintökum samkvæmt staðli Háskóla Íslands. Skila þarf þremur til fjórum eintökum af ritgerð. Eitt eintak fer til prófdómara, annað til leiðbeinanda og það þriðja til Landsbókasafns til varðveislu. Séu leiðbeinendur tveir þarf að skila samsvarandi fjölda ritgerða.
- Skil á rafrænu eintaki ritgerðar er í Skemmu, www.skemman.is
- Útprintun úr Skemmu sem staðfestir rafræn skil í Skemmu (annað hvort tölvupóst sem staðfestir skil eða útprintun af síðu Skemmu sem sýnir eintök nemanda í Skemmu)
- Undirrituð yfirlýsing um meðferð verkefnis sem er aðgengileg á vef Landsbókasafns.

Kynning á meistararitgerð

Félagsráðgjafardeild getur farið þess á leit við meistara að hann að lokinni brautskráningu kynni meistararitgerð sína í opnum fyrirlestri t.d. á vegum félagsráðgjafardeildar eða Rannsóknastofnunar um barna og fjölskylduvernd (RBF). Þess er jafnframt óskað að nemendur í samráði og samstarfi við leiðbeinanda, kynni verk sín með viðeigandi hætti t.d. með veggspjaldi, greinarskrifum og/eða á Þjóðarspegli, ráðstefnu í félagsvísindum.

Mat á lokaverkefnum til meistaraprófs - helstu viðmið Félagsráðgjafardeildar

Eftirfarandi viðmið um mat á lokaverkefnum til meistaraprófs eru almenn og sett fram til leiðbeiningar fyrir nemendur, leiðbeinendur, meistaranefndir og prófdómara.

Eftirfarandi spurningar endurspeglar helstu almenn viðmið félagsráðgjafardeildar við mat á meistaraprófsritgerðum.

1. Er viðfangsefnið vel kynnt í upphafi ritgerðarinnar? Er val viðfangsefnis og mikilvægi þess rökstutt?
2. Eru markmið verkefnisins skýr? Er gerð glögg grein fyrir þeim spurningum eða úrlausnarefnum sem leitað er svara við?
3. Setur höfundur verkefni sitt í fræðilegt samhengi (og sögulegt eða samfélagslegt ef við á)? Er gerð góð grein fyrir fræðilegum bakgrunni viðfangsefnisins? Er fjallað um þau álitamál sem tengjast viðfangsefninu?
4. Gerir höfundur grein fyrir tengslum sínum við viðfangsefnið og með hvaða hætti viðhorf hans og afstaða gætu haft áhrif á verkið?
5. Hvernig eru heimildir valdar og nýttar?
6. Gerir höfundur glögga grein fyrir rannsóknaraðferðum, framkvæmd rannsóknarinnar, gagnasöfnun, þátttakendum og úrvinnslu gagna?
7. Er meðferð og úrvinnsla rannsóknargagna vönduð, greinandi og gagnrýnin? Er gætt eðlilegrar varfærni þegar ályktanir eru dregnar? Gerir höfundur sér grein fyrir takmörkunum verkefnisins?
8. Er greinargóð lýsing á niðurstöðum rannsóknarinnar ?
9. Hversu góð er framsetning efnisins? Er ritgerðin röklega upp byggð og gott samhengi milli allra hluta? Myndar verkið eina heild? Er markmiðum náð og rannsóknarspurningum svarað? Eru í niðurlagi dregnar saman mikilvægustu niðurstöður rannsóknarinnar og rætt um helstu lærdóma sem af henni má draga?
10. Hvernig er málfar og frágangur? Ef við á: Er frágangur og framsetning myndrænna upplýsinga góð?
11. Sýnir höfundur hugkvæmni eða varpar hann nýju ljósi á viðfangsefnið? Hvert er gildi verkefnisins? Leiðir það af sér nýja þekkingu?
12. Er gerð grein fyrir siðferðilegum atriðum eða álitamálum ef um slíkt er að ræða?

Önnur viðmið en hér hafa verið nefnd geta ráðist af eðli hvers viðfangsefnis. Sem dæmi má nefna að ólík viðmið geta að hluta átt við um verkefni sem byggjast á eigindlegum og meginlegum rannsóknaraðferðum.

Rannsóknaverkefni 40-60e. Almenn gildir að nemendur sem vinna 40-60e lokaverkefni eru í rannsóknanámi og lokaverkefni þeirra eru byggð á fræðilegri rannsókn. Í þessum verkefnum er gerð meiri krafa til aðferðafræðilegrar þekkingar og færni í rannsóknavinnu.

Rannsóknar- og þróunarverkefni 30e. Nemendur sem vinna 30e lokaverkefni til meistaraprófs eru að öllu jöfnu í starfstengdu meistaránámi. Lokaverkefni þeirra byggja yfirleitt á rannsóknar- og þróunarverkefnum sem oft eru starfstengd.

Dæmi um einkunnagjöf

<u>Kvarði</u>	<u>Viðmið</u>	<u>Stutt umsögn</u>
9.0-10	Verkefnið vel leyst að öllu leyti. Úrlausnir einkennast af frjórri og skapandi hugsun og innsæi. Efnistöð og heimildanotkun mjög góð. Markviss greining og sjálfstæð úrvinnsla. Ýtrasta vandvirkni og framúrskarandi tök.	<i>Framúrskarandi úrvinnsla, verkefnið nánast hnökralaust.</i>
8.0-8.5	Gott verkefni, flestum þáttum gerð ágæt skil. Vel uppbyggt verk. Verkefnið einkennist af gagnrýnni hugsun. Heimildir eru vel nýttar svo og eigin reynsla. Vel unnið verk sem sýnir rökræna túlkun og nokkurt innsæi.	<i>Mjög vel unnið verkefni en smáhnökrar á stöku stað.</i>
7.0-7.5	Verkefnið er fyrst og fremst lýsandi en ekki greinandi. Nemandinn leggur lítið af mörkum frá eigin brjósti. Flestum efnisatriðum eru gerð fullnægjandi skil. Notkun heimilda og uppbygging í lagi.	<i>Gott verkefni, hnökrar á nokkrum stöðum.</i>
6.0-6.5	Viðunandi verk en nokkrir þættir gallaðir. Sem dæmi má nefna hnökra í uppbyggingu, samhengi er áfátt, frágangi ábótavant eða gallar í heimildanotkun. Sjálfstæð úrvinnsla í lágmarki.	<i>Umtalsverðir gallar eru á verkefninu. Víða eru efnisgreinar og málsgreinar ekki í rökréttu samhengi hverjar við aðra.</i>
5.0-5.5	Gallað verk en einhverjum þáttum gerð sæmileg skil.	<i>Verkefnið gallað á flestum sviðum.</i>
4.0-4.5	Flestum atriðum gerð ófullnægjandi skil.	<i>Verkefnið gallað á nánast öllum sviðum.</i>

Brautskráning

Stærsta hátíð háskólasamfélagsins er Háskólahátíð og brautskráning. Háskóli Íslands brautskráir stúdenta tvisvar á ári, júní og febrúar. Nemendur sem ljúka námi í september geta fengið staðfestingu á námslokum sínum í október.

Til að nemandi sé brautskráður frá Háskóla Íslands þarf hann að fylgja eftirfarandi skrefum:
 Vera skráður í brautskráningu í nemendakerfi
 Skila inn brautskráningareyðublaði sem aðgengilegt er á vef deildarinnar

Upplýsingar um brautskráningu veitir Ásdís Ýr Arnardóttir (aya@hi.is)

